

Akureyrarbæjar, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Bílklúbbur Akureyrar (í samningi þessum nefnt BA), kt. 6600280-0149, Hlíðarfjallsvegi 13, 600 Akureyri gera með sér svofelldan

UPPBYGGINGARSAMNING

1. Markmið

Með samningi þessum eru Akureyrarbær og BA að sameinast um að halda áfram uppbyggingu á félagssvæði BA við Hlíðarfjallsveg sem hófst árið 2011.

Samningur þessi er vegna landmótunar og jarðvegsvinnu vegna uppbyggingar á *Hringaksturs- og Spyrnubraut* á félagssvæði BA við Hlíðarfjallsveg/Hlíðarfjalli, samanber verk- og kostnaðaráætlun í fylgiskjali nr. 1 með þessum samningi. Kostnaður við þær framkvæmdir sem samningurinn tekur til er áætlaður kr. 139.034.800.

Varðandi lóðir og land á félagssvæði BA vísast í rekstrar- og uppbyggingarsamning milli Akureyrarbæjar og BA sem undirritaður var 3. febrúar 2011.

2. Framlög og greiðslur

Akureyrarbær leggur til kr. 60.000.000 á samningstímanum til uppbyggingar á félagssvæði BA, sbr. 1. gr. sem skiptast á eftirfarandi hátt á samningstímanum:

Fjárframlag á árinu 2019	kr. 15.000.000.-
Fjárframlag á árinu 2020	kr. 15.000.000.-
Fjárframlag á árinu 2021	kr. 15.000.000.-
Fjárframlag á árinu 2022	kr. 15.000.000.-

Greiðslur Akureyrarbæjar til BA greiðast eftir framvindu verksins og greiðast við lok verkþátta árið 2019 sbr. fylgiskjal nr. 1.

Greiðslur fyrir árið 2020-2022 greiðast í byrjun mars ár hvert, enda hafi verkið gengið eftir samkvæmt framkvæmdaáætlun BA.

Framlag Akureyrarbæjar er með fyrirvara um samþykki bæjarráðs, ár hvert.

BA á ekki rétt til að krefjast greiðslna samkvæmt samningi þessum, ef bæjarráð samþykkir ekki framlag á fjárhagsáætlun hvers árs.

3. Rekstur og skilyrði

BA skuldbindur sig til að fjármagna framkvæmdir skv. samningi þessum umfram framlag Akureyrarbæjar til landmótunar og jarðvegsvinnu vegna uppbyggingar á *Hringaksturs- og Spyrnubraut* á félagssvæði BA, samtals kr. 76.034.800.

Framlag BA til framkvæmdanna kemur í gegnum tekjur félagsins s.s. vegna ökugerðis og Bíladaga.

Kostnaður og framlag vegna jöfnunarlags og malbiks á félagssvæði BA er ekki hluti af þessum samningi.

Framkvæmd þessa samnings skal vera í samræmi við reglur Akureyrarbæjar um styrkveitingar.

4. Upplýsingagjöf og framvinda verks

Stjórn BA skal gera grein fyrir framgangi samningsins og uppbyggingarinnar fyrir fulltrúum Akureyrarbæjar eigi síðar en 1. mars hvert samningsár. Fulltrúar Akureyrarbæjar skulu a.m.k. vera deildarstjóri íþróttamála, fjársýslustjóri, formaður frístundaráðs og sviðstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar.

5. Vanefndir og ágreiningur

Verði framgangur verkefnisins ekki í samræmi við verk- og kostnaðaráætlun samkvæmt fylgiskjali nr. 1 áskilur Akureyrarbær sér rétt til að stöðva greiðslur til BA, þar til úr hefur verið bætt.

Verði verulegar vanefndir eða forsendubrestur er Akureyrarbæ heimilt að segja samningi upp með 3ja mánaða fyrirvara að undangenginni skriflegri áminningu um úrbætur. Ef ágreiningur kemur upp milli samningsaðila skulu þeir leita sáttu sín á milli. Ef annar hvor aðilinn telur samning þennan brotinn skal reka málið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

6. Gildistími og önnur ákvæði

Þessi samningur er uppsegjanlegur hvenær sem er á samningstímanum með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Samningurinn er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki.

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2019 til 31.12. 2022.

Akureyri, xx. maí 2019

f. h. Bílaklúbbs Akureyrar
Einar Gunnlaugsson formaður

f.h. Akureyrarbæjar
Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

Vottar:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

Fylgiskjal nr. 1 – Verk- og kostnaðaráætlun uppbyggingar á Aksturssvæði BA

Aksturssvæði BA				
Verk- og kostnaðaráætlun				
Verkpáttur	Ein.	Magn	Ein.verð	Heildarv.
Mótun lands				
Gröftur og tilflutningur allt að 50m vegal	m ³	35.000	365	12.775.000
Gröftur og tilflutningur 50-1000m vegal	m ³	55.000	885	48.675.000
				61.450.000
Jarðvinna við brautatstæði og pittsvæði				
Gröftur	m ³	16.000	885	14.160.000
Fyllingar undir burðarlag	m ³	22.000	885	19.470.000
Burðarlag	m ³	28.000	885	24.780.000
				58.410.000
Drenlagnir og niðurföll				
Skurðgröftur dýpi 0-1,5m	m	500	1.200	600.000
Pípulögn 160mm	m	100	5.220	522.000
Pípulögn 200mm	m	600	5.560	3.336.000
Pípulögn 250mm	m	300	7.690	2.307.000
Pípulögn 315mm	m	100	12.350	1.235.000
Sandföng 250mm	stk	30	45.000	1.350.000
Brunnar 630mm	stk	9	150.000	1.350.000
Söndun lagna	m	1.100	1.100	1.210.000
Fylling með uppgröfðu efni	m	500	500	250.000
				12.160.000
Ídráttarör og brunnar fyrir rafm og ljósab				
Skurðgröftur dýpi 0-1,5m	m	500	1.200	600.000
Ídráttar 50mm	m	1.000	1.200	1.200.000
Ídráttar 110mm	m	200	2.800	560.000
Brunnar 400mm	stk	12	150.000	1.800.000
Söndun lagna	m	1.200	1.100	1.320.000
Fylling með uppgröfðu efni	m	500	500	250.000
				5.730.000
Aukaverk				
Dagvinna yfirvinna	Klst	50	4.496	224.800
Vörubíll	Klst	20	9.000	180.000
Vörubíll með krana	Klst	20	9.000	180.000
23-35 tonna beltagrafa eða samb.	Klst	20	10.000	200.000
Hjólaskófla	Klst	20	10.000	200.000
Búkolla	Klst	20	10.000	200.000
Jarðýta D6	Klst	10	10.000	100.000
				1.284.800
Samtals skv. tilboði án jöfnunarlags og malbiks				Kr. 139.034.800

Kostnaður við jöfnunarlag og malbik				
Jöfnunarlag og malbik á braut		16.000	4.900	78.400.000
Jöfnunarlag og malbik á pittsvæði		6.000	4.900	29.400.000
Jöfnun og sáning		50.000	100	5.000.000
Annar frágangur		1	10.000.000	10.000.000
				122.800.000
			<i>Alls</i>	261.834.800

Minnisblað frá BA vegna framkvæmda og uppbyggingar

Verkáætlun vegna uppbyggingar spyrnubrauta o.fl. á svæði Bílklúbbs Akureyrar að Hlíðarfjallsvegi 13.

Svæðið eða sá hluti þeirra brauta sem deiliskipulagið sýnir sem verður byggð nú með því fé sem BA á til og leggur til með tekjum á árunum 2018 til ársins 2022 ásamt uppbyggingarsamningi við Ak.bæ árin 2018 til ársins 2022 er svæðið sunnantil frá ca. miðlínu svæðisins séð frá austri til vesturs. Þar er bein löng braut sem heitir spyrnubraut sem verður byggð klár að mestu leyti eins og gert er ráð fyrir á deiliskipulaginu ásamt áhorfendabrekkum og bílastæði fyrir keppnistæki austan og sunnan austasta enda brautarinnar. Einnig verður byggð tengibraut frá austasta enda spyrnubrautar til að tengja saman spyrnubrautina og núverandi malbik sem nú er notað sem kennslubrautir fyrir ökuskóla ásamt því að verða framtíðarbílastæði eins og sjá má að merkt er sem bílastæði á deiliskipulagi.

Þegar samningi líkur 2022 verður undirvinnu lokið að mestu jöfnunarlag og malbik komið á 10þ fermetra af 20þ fermetrum. Þá mun vanta um 40 mkr á verðlagi í dag svo mannvirkið verði nothæft.

Minni hringir og hlykkjóttar brautir sem koma fram á deiliskipulagi á miðju svæðisins verða látnar bíða til seinni tíma.

Sundurliðun kostnaðar og hvað gert er á hverju ári má sjá og skýrir sig sjálf í meðfylgjandi kostnaðaráætlun sem sundurliðuð er með texta og framlagi BA ásamt framlagi uppbyggingarsamnings við Ak.bæ.

Dags 20.01.2019

Bílaklúbbur Akureyrar